

Forsendunefnd ASÍ og SA

Í kjarasamningunum SA og aðildarsamtaka ASÍ frá 5. maí 2011 eru forsenduákvæði. Þar segir að sérstök forsendunefnd skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af samninganefnd aðildarsamtaka ASÍ og tveimur af SA skuli taka þegar til starfa. Hún skuli fjalla um þróun kjara-, efnahags-, atvinnu- og félagsmála á samningstímanum og eftir atvikum leita eftir samstarfi við stjórnvöld, í því skyni að stuðla að því að markmið samninganna um að auka hagvöxt, skapa störf, auka jafnvægi í efnahags- og atvinnulífi milli einstakra greina, lága verðbólgu og aukinn kaupmátt nái fram að ganga.

Forsendur kjarasamninganna voru að á árinu 2012 færi kaupmáttur vaxandi samkvæmt launavísitölu Hagstofu Íslands, verðbólga yrði innan við 2,5% í desember 2012 m.v. sl. 12 mánuði, gengisvísitala íslensku krónunnar yrði innan við gildið 190 í desember 2012 og stjórnvöld stæðu við gefin fyrirheit í efnahags-, atvinnu-, og félagsmálum, sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamningana.


Í samningunum segir einnig að fari svo að forsendurnar standist ekki skuli samninganefnd aðildarsamtaka ASÍ og framkvæmdastjórn SA leita samkomulags um viðbrögð og vinna að því að hann haldi gildi sínu. Náist samkomulag um viðbrögð haldi samningurinn gildi en ella falli hann úr gildi frá lokum janúar kjósi annar hvor aðilinn að gera það með rökstuddu áliti og tilkynningu fyrir kl. 16:00 þann 21.1 2013.

Kaupmáttur launa skv. launavísitölu Hagstofunnar jókst á árinu 2012. Launavísitalan hækkaði um 4,7% frá desember 2011 til nóvember 2012 sem var umfram verðbólgu á tímabilinu desember 2011 til desember 2012.


Verðbólga var 4,2% frá desember 2011 til 2012 sem var umfram samningsforsendu um 2,5% hækkun og gengisvísitala krónunnar í desember 2012 var 227,4 en gildið 190 var tiltekið sem samningsforsenda. Þá hefur ríkisstjórnin ekki staðið að fullu við yfirlýsingu sína frá 5. maí 2012 og má í því sambandi nefna að tryggingagjaldið var ekki lækkað til samræmis við minnkandi atvinnuleysi, ekki var staðið við hækkun bóta til samræmis við hækkanir umsaminna kauptaxta og ekki var stuðlað að auknum fjárfestingum og umsvifum eins og að var stefnt.


Niðurstaða forsendunefndarinnar er því sú að einungis forsendan um aukinn kaupmátt hafi staðist en aðrar forsendur brugðist. Forsendunefndin vísar því málinu til samninganefndar ASÍ og framkvæmdastjórnar SA til umfjöllunar og ákvörðunar.

Reykjavík, 21. janúar 2013


Vilhjálmur Egilsson


Gylfi Arnbjörnsson


Hannes G. Sigurðsson


Ólafur Darri Andrason